

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála fellur niður við gildistöku laga þessara.

Núverandi forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála gegnir embætti sínu út yfirstandandi skipunartímabil sitt. Að því loknu skal skipa forstöðumann Námsmatsstofnunar í samræmi við ákvæði laga þessara.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara skulu halda óbreyttum starfskjörum.

Námsmatsstofnun tekur við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála við gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

21. desember 2000

Nr. 169

LÖG**um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Eftirlitsaðilar skulu einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skulu grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.

2. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eftirlitsaðilar og þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim skulu tilkynna til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna, ef gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum eða aðrar ástæður benda til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Sama tilkynningarskylda á við um þá sem starfa við rannsóknir og greiningu á matvælum ef þeir greina í matvælum örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Gjaldtaka Hollustuverndar ríkisins, Fiski- stofu og yfirdýralæknis skal taka mið af kostnaði við undirbúning, ferð, skoðun, frágang, sýnatöku og rannsókn sýna vegna matvælaeftirlits.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlit“ í 2. mgr. kemur: mengunarvarnir.

4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða skv. VIII. og IX. kafla laganna, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukefna og annarra slíkra leyfisveitinga. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

5. gr.

Við 27. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Gjaldtaka skal taka mið af kostnaði við rannsókn og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skilgreining á nýtingarhlutfalli í 2. gr. laganna orðast svo: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Kostnaður við rekstur Skipulagsstofnunar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.